

Grein 1.4 Eftirfarandi fastaráð og nefndir starfa á vegum Skátasambands Reykjavíkur:

A. Útlífjótvatnsráð er hafi umsjón með rekstri og uppbyggingu á Útlífsmiðstöð skáta, Útlífjótvatni. Í ráðinu sitja 7 menn, þrír fulltrúar SSR, tveir kosnir á aðalfundi og þriðji tilnefndur af stjórn SSR, þrír fulltrúar BÍS og einn oddamaður tilnefndur af báðum aðilum sameiginlega.

B. Minjanefnd. Þá á SSR aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi. Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum.

C. Hafravatnsráð er hafi umsjón með rekstri og uppbyggingu á Hafravatni. Í ráðinu sitja 3 menn, einn tilnefndur af stjórn SSR, tveir kosnir á aðalfundi SSR.

D. Uppstillinganefnd er hafi það hlutverk að leita eftir fólki til starfa fyrir SSR samkvæmt því sem fram kemur í lögum þessum og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi.

E. Laganefnd er hafi það hlutverk að yfirfara og gefa umsagnir um tillögur um breytingar á lögum þessum sem henni berast, auk þess að hafa frumkvæði að tillögum að breytingum á lögnum.

Tillaga laganefndar: Lagt er til að A-liður greinar 1.4 falli brott vegna sölu SSR á hlut sínum í ÚSÚ. Einnig er lagt til að E-liður falli brott. Laganefnd telur ekki þörf á að sérstaka nefnd þurfi til að yfirfara lög félagsins og/eða meta innsendar lagabreytingar. Laganefnd treystir aðalfundi og fulltrúum þess fullkomlega til að senda inn góðar og vel rökstuddar tillögur að lagabreytingum og afgreiða þær með sóma á aðalfundi. Greinin yrði eftir breytinguna svohljóðandi:

A. Minjanefnd. SSR á aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi. Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum.

B. Hafravatnsráð er hafi umsjón með rekstri og uppbyggingu á Hafravatni. Í ráðinu sitja 3 menn, einn tilnefndur af stjórn SSR og tveir kosnir á aðalfundi SSR.

C. Uppstillinganefnd er hafi það hlutverk að leita eftir fólki til starfa fyrir SSR samkvæmt því sem fram kemur í lögum þessum og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi.

Grein 2.6 Dagskrá aðalfundar skal vera:

I. Kosning eins fulltrúa af tveimur í eftirtalin ráð og nefndir: Minjanefnd, Úlfjótssvatnsráð og Hafravatnsráð. Kosningin er til tveggja ára.

Tillaga laganefndar: Lagt er til, vegna sölu SSR á hlut sínum í ÚSÚ, verði I-liður greinar 2.6 svohljóðandi:

I. Kosning eins fulltrúa af tveimur í Minjanefnd og Hafravatnsráð. Kosningin er til tveggja ára.